



Jöklafréttaskipulag Íslands

Fréttabréf

Nr. 48

Október 1994

HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn 25. október 1994 kl.
20:30 í Norrænahúsinu.

Á dagskrá verður:

1. GRIP kjarninn og óstöðugleiki síðasta hlýskeyðs. *Sigfús J. Johnsen*
2. Kaffi
3. Gamalt og nýtt á myndum. *Jón E. Ísdal og Ástvaldur Guðmundsson*

HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 25. október 1994 í Tæknigarði. Þar verða flutt tvö erindi:

GRIP kjarninn og óstöðugleiki síðasta hlýskeiðs.

Nú eru rúm tvö ár liðin síðan lokið var við borun GRIP kjarnans á hábungu Grænlandsjökuls. Enn er verið að vinna við túlkun gagna úr kjarnanum og verður svo í mörg ár enn, á meðan ný gögn bætast við. Staðfesting fékkst á eldri niðurstöðum um verulegan óstöðugleika veðurfars síðsta jökulskeiðs. Nýjar niðurstöður rannsókna við Lamont stofnunina í Bandaríkjunum sýna jafnframt að sömu sögu má segja um yfirborðshita sjávar við norðanvert Atlantshaf. Virkilega óvæntar niðurstöður hafa fengist um mjög óstöðugt veðurfar á síðasta hlýskeiði. Margir vilja draga þessar niðurstöður í efa þar sem ekki fékkst staðfesting á þeim úr Bandaríska GISP2 systurkjarnanum sem var boraður aðeins 28 km vestar á jöklinum. Ég mun ræða stöðu þessara mála, þar á meðal frekari áætlanir um nýjar boranir á Grænlandi og á Suðurskautslandinu.

Sigfús J. Johnsen

Gamalt og nýtt í myndum

Eftir kaffihlé verða sýndar myndir úr fórum þeirra félaga Jóns E. Ísdal og Ástvalds Guðmundssonar gamlar og nýjar á léttum nótum.

HAUSTFERÐ JÖRFÍ

Þann 9. september var farið í hina árlegu „13. septemberferð“. Lagt var af stað í rútu frá Guðmundi Jónassyni hf. stundvíslega kl. 20 og komið í Jökulheima laust eftir miðnætti. 27 manns, börn og fullorðnir, voru með rúttunni. Halldór Gíslason og fjölskylda, alls 6 manns, höfðu farið á miðvikudegi inneftir og var hlýtt og notalegt að koma í skálann um nóttina.

Á laugardeginum var farið að sporði Tungnárjökuls og skoðaður heljarmikill íshellir sem myndast hafði í gömlu útfalli Tungnár frá því í fyrrahaust. Með kyndla og vasaljós gengu ungir sem aldnir inn í hellinn þar til lofthæðin var orðin það lítil að fullorðnir áttu erfitt um gang. Frá þeim stað að hellismunna skrefuðu menn ca. 450 m vegalengd, og mesta hæð var ca. 2,30 m. (Þegar þetta er skrifað mánuði seinna er hellirinn allur fallinn saman.)

Um kvöldið var haldin góð kvöldvaka að hætti jöklamanna og kveikt í bálkesti sem krakkarnir höfðu safnað í. Á sunnudeginum var sól og logn og kusu margir að sleikja sólskinið meðan aðrir fóru í gönguferð á Nýjafell.


Á heimleiðinni var ekið um Hraunvötn í Veidivötn og drukkið þar kaffi. að lokum var litið á jarðfallið sem er vestan við Vatnaölduna við slóðina að Skyggisvatni. Í bæinn komum við um kvöldmat eftir allgóða helgi.

Alexander Ingimarsson


FRAMHLAUP TUNGNAÁRJÖKULS.

Síðastliðna tvo til þrjá áratugi hafa jöklamenn rætt sín á milli hvort Tungnaárjökull fari ekki brátt að hlaupa fram eins og hann gerði árið 1945-1946. Með hverju árinu hefur jökullinn hropað og orðið brattari. Árið 1985-1986 var mæld hreyfing jökulsins og reyndist hún aðeins helmingur af því sem hann hefði þurft að vera til þess að bera fram þann ís sem á hann safnast (1. mynd). Því var ljóst að héldi svo fram stefndi í framhlaup. Þannig voru aðstæður í jöklinum allt fram að árinu 1992 en þá óx hins vegar hraðinn í um 1000 - 1400 m hæð og frá árinu 1993 hefur hann aukist þar stöðugt (2. mynd). Jafnframt óx hraðinn neðar á jöklinum með hverjum mánuði sem leið og því ljóst að hraðabylgja fór niður hann. Samtímis hraðaaukningunni mynduðust sprungur á jöklinum og í sumar hefur hann orðið stöðugt úfnari og nánast ófær yfirferðar.

Tungnaárjökull: sumarhraði 1986




Mynd 1a



Mynd 2

sumarhraði 1994



Mynd 1b

Í byrjun október varð starfsfólk Raunvísindastofnunnar, sem var við vinnu á sporði jökulsins, síðan vart við að sporðurinn var genginn fram á u.þ.b. 1 km löngum kafla við fell í jökuljaðrinum ANA af Nýjafelli. Framrás jökulsporðsins er því hafin. Stikur hafa nú verið settar upp með 100 m millibili á Nýjafellslfnuna framan við jökulinn til þess að mæla framrás hans á næstu mánuðum. Þessar rannsóknir hafa verið unnar af starfsmönnum Raunvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar og félaga í Jökларannsóknafélagi Íslands.

Félagar sem hyggja á ferð að Tungnaárjökli á næstu mánuðum eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við undirritaða til þess að ferð þeirra geti nýst við athuganir á framskriði jökulsins.

Helgi Björnsson, Finnur Pálsson og
Magnús Tumi Guðmundsson

GANGUR Í ÞJÓRSÁRJÖKLI

Mikill gangur er í jöklum landsins þessi árin. Má þar til nefna Skeiðarárjökul 1991, Múlajökull, vestasta hluta Sléttjökuls (sem er norður hlið Mýrdalsjökuls), syðsti hluti Þjórsárjökuls og Köldukvíslarjökuls allir 1992 og það sem allir muna, Síðujökull s.l. vetur. Þannig hefur þetta ef til vill alltaf verið, en menn bara ekki fylgst nógu grannt með því eða látið undir höfuð leggjast að skrá það sem þeir urðu áskynja. Það er líka vel hugsanlegt að það hafi hlaðið svo á jöklana að undanförmu, að þeir láti nú undan farginu meir en endranær.

Nú á haustdögum bætist enn einn í safnið. Gangur er í miðhluta Þjórsárjökuls í Hofsjökli. Varð hans vart um miðjan september er í ljós kom að ófært var ofan frá eftir að komið var niður í 1000 m y.s. Er flogið var yfir jökulinn 30. sept. s.l. sást að hann var óvenjulega mikið sprunginn og að hluti jökuljaðarins

er farinn að skrifa fram. Nyrstu Þjósárkvíslar voru orðnar kolgráar af jökulgormi meðan flest önnur jökulvötn voru að ná sínum ljósa vetrarlit. Mæling sýndi einnig að ein stöng á jöklinum í um 900 m y.s. hafði færst um 100 m meðan aðrar stengur ofar og neðar höfðu færst mun minna.

Svo virðist sem framhlaup af þessu tagi í Þjósárjökli nái ekki verulega upp fyrir leysingasvæðið og vskur þar mikið frá Sðujökli og Skeiðarárjökli sem sprungu mjög upp í efstu drög.

Suðurhluti Þjósárjökuls skreið fram um 200-300 m fyrir tveim árum og er ekki ótrúlegt að svipað verði uppi á teningnum á miðhlutanum. Ekkert hef ég frétt af fyrri framhlaupum þessa jökuls og efast ég um að þvflskar upplýsingar sé að finna nokkurs staðar. Hins vegar er mjög líklegt að ekki sé hér um einsdæmi að ræða hjá Þjósárjökli.

Oddur Sigurðsson

ÁRSHÁTIÐ

Nú líður að árshátsíð JÖRFÍ. Fyrir henni stendur hin hugdjarfa óbugandi bílanefnd. Ekki er enn búið að ákveða stað og stund eða verð endanlega en hér verður ekki slegið slöku við fremur en venjulega. Nánari upplýsingar verða veitta á haustfundinum sem auglýstur er hér á forsíðu og auk þess geta bílanefndarmenn (vinir Dóra) frætt menn um herlegheitin og gera það jafnvel ótilkvaddir. Góða skemmtun.

Skemmti-(bíla)-nefndin

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð JÖRFÍ 1994 verður haldin um miðjan nóvember
n.k. á vegum

BÍLANEFNDAR

Nánari upplýsingar verða gefnar á haustfundi 25. október
n.k. og þær fást einnig hjá bílanefndarmönnum.

